

Fimmtudaginn 20. maí 1976.

Nr. 5/1975. **Gjaldheimtan í Reykjavík**
 (Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
 gegn
Þjóðleikhússtjóra f. h.
Þjóðleikhússins og gagnsök
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

D ó m e n d u r :

**hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörns-
 son, Logi Einarsson og prófessorarnir Jónatan Þórmundsson og
 Lúðvík Ingvarsson.**

Fasteignaskattur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1975. Krefst hann þess, að viðurkennd verði með dómi skylda gagnáfrýjanda til greiðslu fasteignaskatts af allri húseigninni nr. 19 við Hverfisgötu í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og auglýsingar nr. 89/1972 um breytingu á fasteignamati og að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda 3.905.418 krónur ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði af 1.925.076 krónum frá 1. júlí 1972 til 15. janúar 1973, af 2.997.993 krónum frá þeim degi til 15. maí 1973, af 4.070.910 krónum frá þeim degi til 3. maí 1974 og af 3.905.418 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1975. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en því, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Aðaláfrýjandi hefur stefnt fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til réttargæslu, en hann hefur engar kröfur gert í málinu.

Líta verður svo á, að fyrri liður dómkrafna aðaláfrýjanda

sé slíkur þáttur í kröfu hans um aðfararhæfan dóm fyrir þeim hluta fasteignaskatts vegna Þjóðleikhúsbyggingarinnar, álagðs 1972 og 1973, sem gagnáfrýjandi telur sér óskýlt að greiða, að með úrlausn um síðastnefndan lið dómkrafanna sé nægilega greitt úr um kröfugerð aðaláfrýjanda samkvæmt fyrri liðnum.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti á að falla niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Jónatans Þórmundssonar prófessors.

I.

Um kröfugerð vísast til atkvæðis meiri hluta dómenda. Ég er samþykkur atkvæði þeirra um fyrsta lið dómkrafna aðaláfrýjanda.

II.

Um málavexti og gang málsins til þessa er vísað til forsendna hins áfrýjaða dóms, þ. á m. um mat fasteignamatsnefndar Reykjavíkur á hlutfallsstærðum Þjóðleikhúsbyggingarinnar vegna veitingarekstrar annars vegar og leiklistar hins vegar.

Ágreiningur er um, hvort sá hluti umræddrar fasteignar, sem nýttur er í þágu leiklistar og annarrar menningarstarfsemi, geti talist fullnægja því skilyrði 5. gr. laga nr. 8/1972 að vera samkomuhús, sem ekki er rekið í ágóðaskyni. Þjóðleikhúsið gegnir tvímælalaust veigamiklu menningarhlutverki, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1947. Menningarhlutverk Þjóðleikhússins fellir bygginguna þó ekki sjálfkrafa undir undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972. Það, sem úr sker, er skýring orðanna „samkomuhús, sem ekki er rekið í ágóðaskyni“.

Skýring þeirra á grundvelli almennrar málvenju og eðlis máls er ekki ótvíræð. Þjóðleikhúsið er að verulegu leyti rekið á viðskiptagrundvelli og hefur sjálfstæðan tekjustofn, þar sem eru tekjur af aðgöngumiðaverði og útleigu húsnæðis, og auk þess ber ríkissjóður ekki ábyrgð á skuldbindingum þess, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1947. Skiptir ekki máli í þessu sambandi, þótt iðulega hafi orðið halli á rekstri Þjóðleikhússins.

Samkvæmt framansögðu og með hliðsjón af því, að undanþágur 5. gr. laga nr. 8/1972 ber að skýra þröngt bæði eftir almennum lögskýringarsjónarmiðum og ýmist beint eða óbeint eftir athugasemdum við lög nr. 69/1962 og lög nr. 8/1972, þykir ekki nægilega í ljós leitt, að umrædd fasteign falli undir 5. gr. laga nr. 8/1972. Ber því að taka annan lið dómkrafna aðaláfrýjanda til greina að fullu, enda hefur sú krafa ekki verið tölulega vefngd. Krafa aðaláfrýjanda um dráttarvexti er og tekin til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Gagnáfrýjandi, þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, greiði aðaláfrýjanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 3.905.418 krónur ásamt 1½% dráttarvöxtum á mánuði af 1.925.076 krónum frá 1. júlí 1972 til 15. janúar 1973, af 2.997.993 krónum frá þeim degi til 15. maí 1973, af 4.070.910 krónum frá þeim degi til 3. maí 1974 og af 3.905.418 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, 350.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. október 1974.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 25. f. m., hefur gjaldheimtustjórinn í Reykjavík vegna Gjaldheimtunnar höfðað fyrir hönd borgarsjóðs Reykjavíkur á hendur þjóðleikhússtjóra f. h.

Þjóðleikhússins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs til réttargæslu. Var málið þingfest hinn 18. september 1973. Af hálfu stefnanda eru þessar dómkröfur gerðar:

„að viðurkennd verði með dómi skylda stefnds til greiðslu fasteignaskatts af húseigninni nr. 19 við Hverfisgötu í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. 1. nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og auglýsingar nr. 89/1972 um breytingu á fasteignamati og jafnframt

að stefndur verði dæmdur til að greiða umbj. m. kr. 3.905.418.00 ásamt dráttarvöxtum $1\frac{1}{2}\%$ á mánuði af kr. 1.925.076.00 frá 1. júlí 1972 til 15. jan. 1973, $1\frac{1}{2}\%$ á mánuði af kr. 2.997.993.00 frá þeim degi til 15. maí 1973, $1\frac{1}{2}\%$ á mánuði af kr. 4.070.910.00 frá þeim degi til 3. maí 1974 og síðan $1\frac{1}{2}\%$ á mánuði af kr. 3.905.418.00 frá þeim degi til greiðsludags

að stefndur verði dæmdur til að greiða umbj. m. málskostnað að mati hins virðulega dóms“.

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar, og hefur hann eigi gert kröfur í málinu.

Bygging Þjóðleikhússins á lóðinni nr. 19 við Hverfisgötu hér í borg hófst á árinu 1928. Af ýmsum ástæðum varð töf á að framkvæmdum lyki, en hinn 20. apríl 1950 hófust leiksýningar í húsinu. Var starfsgrundvöllur stofnunarinnar ákveðinn með lögum nr. 86/1947. Á þessu tímabili höfðu lög nr. 36/1924 um bæjargjöld í Reykjavík og síðan lög nr. 69/1937 um tekjur bæjar- og sveitarfélaga og eftirlit með fjárstjórn bæjar- og sveitarfélaga að geyma ákvæði um fasteignaskatt. Í stað þeirra laga komu síðan lög nr. 67/1945, sbr. lög nr. 53/1945. Í heildarlög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 69/1962 voru síðan tekin ákvæði um fasteignaskatt. Í 6. gr. þeirra laga segir svo um undanþágur frá gjaldskyldu fasteignaskatts:

„Undanþegnar fasteignaskatti eru kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem hvorki eru leigð út til skemmtana né rekin í ágóðaskyni, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú er hús sumpart notað til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá

hlutfallslega miðað við slík afnot samkvæmt mati fasteignamatsmanna“.

Frá og með 31. desember 1971 tók gildi nýtt fasteignamat samkvæmt lögum nr. 28/1963, sbr. auglýsingu nr. 246/1971, og urðu þá yfirleitt verulegar hækkanir á mati fasteigna. Um árabil hafði fasteignaskattur verið lagður á Þjóðleikhúsbygginguna, sem ágreiningslaust er, að greiddur hafi verið. Á árunum 1966—1971 nam skatturinn þessum fjárhæðum: á árinu 1966 kr. 44.101, á árunum 1967 og 1968 kr. 144.100 hvort ár, og á árunum 1969, 1970 og 1971 kr. 216.150 hvert ár. Reykjavíkurborg sendi nú út snemma árs 1972 kröfuseðla um greiðslu fasteignagjalda það ár. Á seðlum þessum segir m. a. svo:

„Með gjaldseðlum þessum er eigendum fasteigna í Reykjavík send krafa um greiðslu fasteignagjalda 1972, sem reiknuð eru út á sama grundvelli og gjöld síðasta árs og eru því að krónutölu hin sömu.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til nýrra laga um tekjustofna sveitarfélaga, þar sem gert er ráð fyrir breytingu á gildandi álagningargrundvelli. Verður gjaldendum send krafa um greiðslu fasteignaskatta og annarra fasteignagjalda 1972, þegar þau hafa verið ákveðin og reiknuð.

Greiðsla ofangreindrar fjárhæðar verður þá dregin frá endanlegum gjöldum“.

Með lögum nr. 8 frá 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga voru gerðar ýmsar breytingar frá fyrri lögum nr. 51/1964. Með ákvæði 3. mgr. 4. gr. laganna var nú ágreiningur um gjaldskyldu og gjaldstofn lagður undir úrskurð yfirfasteignamatsnefndar, 5. gr. laganna er svohljóðandi:

„Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrahús, kirkjur, skólar, íþróttahús, endurhæfingarstöðvar, barnaheimili, orlofsheimili launþegasamtaka, félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni, öryrkja- og elliheimili og heilsuhæli, þó ekki húsnæði slíkra stofnana, sem notað er til atvinnurekstrar, bókasöfn og önnur safnhús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt,

sem efnalitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða. Sama gildir um slíka lífeyrisþega, sem ekki hafa verulegar tekjur umfram elli- og örorkulífeyri.

Heimilt er sveitarstjórn að undanþiggja nýjar íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum fasteignaskatti allt að tvö ár, eftir að afnot hefjast“.

6. gr. laganna er svohljóðandi:

„Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg hátað, að greiða þer fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 2. mgr. 3. gr., og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum“.

Borgarsjóður Reykjavíkur lagði nú á árinu 1972 fasteignaskatt á fasteignina nr. 19 við Hverfisgötu, Þjóðleikhúsið, og nam fjárhæð hans kr. 2.145.834. Stefndi greiddi á árinu 1972 fasteignagjöld þess árs og þar með kr. 220.785 sem greiðslu á fasteignaskatti. Stefndi vildi eigi una hinum álagða fasteignaskatti og grundvelli þeim, sem álagningin byggðist á. Óskar stefndi eftir því með bréfi, dags. hinn 28. desember 1972, að yfirfasteignamatsnefnd ríkisins felli úrskurð um ágreiningsatriðið. Á árinu 1973 lagði borgarsjóður Reykjavíkur einnig fasteignaskatt á Þjóðleikhúsið, er nam sömu fjárhæð og árið áður, kr. 2.145.834. Ekki greiddi stefndi skattinn, en hinn 8. mars 1973 óskaði hann eftir úrskurði yfirfasteignamatsnefndar ríkisins um grundvöll skattlagningarinnar. Úrskurður nefndarinnar gekk hinn 30. júní 1973, og segir þar m. a. svo:

„Málavextir eru þeir, að Reykjavíkurborg hefur árin 1972 og 1973 lagt fasteignaskatt á fasteign Þjóðleikhússins við Hverfisgötu í Reykjavík. Fyrirsvarsmenn Þjóðleikhússins hafa farið þess á leit við borgaryfirvöld, að fasteignaskattur þessi verði felldur niður, en því erindi hefur verið synjað. Hefur Þjóðleikhúsið síðan skotið máli sínu til Yfirfasteignamatsnefndar með bréfum, dags. 28. desember 1972 og 8. mars 1973. Af hálfu Þjóðleikhússins er því haldið fram, að því sé óskýlt að greiða Reykjavíkurborg fasteignaskatt af ofangreindri fasteign, þar sem hún sé undanþegin fasteignaskatti, samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, eins og nánar er rökstutt í fyrrgreindum bréfum Þjóðleikhússins.

Samkvæmt framansögðu kemur hér aðeins til úrlausnar, hvort eða að hve miklu leyti fasteignin nr. 19 við Hverfisgötu sé undanþegin fasteignaskatti. Að vissum skilyrðum uppfylltum eru sam-

komuhús undanþegin fasteignaskatti, sbr. 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Til samkomuhúsa í skilningi þessara ákvæða ber fyrst og fremst að telja hús, sem standa almenningi opin til að koma þar saman til að njóta fræðslu, lista eða skemmtunar með öðrum hætti. Nánari skilyrði undanþágu eru meðal annars þau, að eigi sé um rekstur í ágóðaskyni að ræða, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 8/1972 og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972. Verður að skýra ákvæði um síðastgreint skilyrði svo þröngt, að fasteign njóti aðeins skattfrelsis að því marki sem hún er beinlínis nýtt í þágu starfsemi, sem á sér annan tilgang en fjárhagslegan ávinning.

Ofangreind skýring á 5. gr. laga nr. 8/1972 og 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 leiðir til þess, að telja ber byggingu Þjóðleikhússins við Hverfisgötu til samkomuhúsa í skilningi þessara ákvæða. Kemur þá til athugunar, hvort um rekstur í ágóðaskyni er að ræða. Um starfsemi Þjóðleikhússins gilda nú lög nr. 86/1947. Um hlutverk þess segir m. a. svo í 2. gr. laganna: „Í Þjóðleikhúsinu skal iðka leiklist og þær listgreinar aðrar, sem tengdar eru leiksviði. Starfsemi þessa skal leikhúsið rækja svo, að hún verði sem öflugust stoð íslenzkri menningu“. Með hliðsjón af þessu ákvæði og framkvæmd laganna verður eigi litið svo á, að leiklistarstarfsemi Þjóðleikhússins sé rekin í ágóðaskyni.

Samkvæmt því er umrædd fasteign undanþegin fasteignaskatti að því leyti sem hún er beinlínis nýtt í þágu þeirrar starfsemi, enda verður eigi annað séð en að skilyrðum undanþágu sé að öðru leyti fullnægt.

Í húsakynnum Þjóðleikhússins er hins vegar rekin veitinga- og skemmtistaður, og getur fasteignin samkvæmt fyrrgreindum lögskýringarsjónarmiðum eigi talizt undanþegin fasteignaskatti, að því leyti sem afnot eru af henni höfð í þágu þessa síðastgreinda reksturs. Úrlausn um hlutfallslega skiptingu fasteignamatssverðs umræddrar fasteignar á þessum grundvelli heyrir hins vegar eigi á þessu stigi undir úrskurð Yfirfasteignamatssnefndar, heldur millimatsmenn í Reykjavík, sbr. meginreglur 6. gr. laga nr. 8/1972 og 7.—8. gr. reglugerðar nr. 320/1972.

Úrskurðarorð:

Þjóðleikhúsinu er óskyldt að svara fasteignaskatti af fasteigninni nr. 19 við Hverfisgötu, að því leyti sem eignin er beinlínis nýtt í þágu leiklistar, sbr. 2. gr. laga nr. 86/1947 um þjóðleikhús“.

Á grundvelli þessa úrskurðar hefur fasteignamatssnefnd Reykja-

víkur (millimat) metið Þjóðleikhúsbýgginguna til gjaldflokka. Í bréfi nefndarinnar, dags. hinn 8. október 1973, segir svo:

„Það liggur nærri að húsrými það í kjallara Þjóðleikhússins, sem notað hefur verið fyrir veitingarekstur, sé 9% af rúmmáli allrar byggingarinnar, sem þýðir sömu hundraðsskiptingu heildarmagns gagnvart fasteignaskattsálagningu.

Samkvæmt úrskurði Yfirfasteignamatnefndar virðist eignin eiga að skiptast milli gjaldflokka sem hér segir:

Í a-flokk (0.9%)	0%
Í b-flokk (1.8%)	9%
Skattfrjálst	91%“

Fram er komið, að fasteignaskattur á grundvelli úrskurðar yfirfasteignamatnefndar ríkisins og mati fasteignamatnefndar Reykjavíkur nemur kr. 193.125. Hafði stefndi á árinu 1972 greitt kr. 27.633 umfram þá fjárhæð sem greiðslu á fasteignaskatti. Hinn 3. maí 1974 greiddi stefndi síðan það, sem á vantaði, kr. 165.492, til að greiddur væri allur fasteignaskattur ársins 1973 samkvæmt þessum grundvelli. Hefur stefnandi síðan höfðað mál þetta til að fá skorið úr ágreiningi aðiljanna um grundvöll fasteignaskatts þess, sem stefnda ber að greiða.

Krafa stefnanda er byggð á því, að samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 8/1972 hafi borgarstjórn Reykjavíkur lagt á Þjóðleikhúsið fasteignaskatt árin 1972 og 1973, 1.5% af fasteignamati húss og lóðar að viðbættu 20% álagi, sbr. auglýsingu nr. 89/1972 um breytingu á fasteignamati. Skattfjárhæð hvors árs hafi numið kr. 2.145.834. Undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972 taki ekki beint til Þjóðleikhússins og við lögskýringu á slíkum undanþáguákvæðum beri að beita þröngri lögskýringu, en það leiði til þess, að undanþáguákvæðin taki ekki til Þjóðleikhússins. Er því haldið fram í þessu sambandi, að Þjóðleikhúsið falli ekki undir „samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni“, þar sem aðgangur sé seldur að húsinu og skipti ekki máli, hvort hagnaður sé af rekstri Þjóðleikhússins eða ekki, enda sé ljóst, að það skuli rekið á viðskiptagrundvelli. Þá er bent á það af hálfu stefnanda, að á árinu 1972 hafi orðið gerbreyting á íslenska skattkerfinu. Ríkisvaldið hafi tekið ýmsa tekjustofna af sveitarfélögum, en í staðinn veitt þeim auknar tekjur með hækkunum fasteignaskatti. Er á það bent, að fasteignaskattur sé gjald fyrir þjónustu við fasteignir, sem borgaryfirvöld láti fasteignaeigendum í té í sambandi

við skipulagsmál, holræsagerð, vatnslagnir o. fl. og sé rétt og eðlilegt, að fasteignir í borginni standi undir slíkum kostnaði. Ef það sé ekki gert, þá sé þessum kostnaði velt yfir á aðra. Er því haldið fram, að ef það hafi verið vilji löggjafans að undanskilja Þjóðleikhúsið slíkum gjöldum, þá hafi átt að setja slíkt ákvæði í lögum um þjóðleikhús. Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að Þjóðleikhúsið hafi greitt fasteignaskatt um árabil, án þess að undanþáguákvæðum laga væri beitt og ekkert hafi nú gerst, sem leiði til þess, að greiðsluskyldan hafi fallið niður.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að orðin „félagsheimili og samkomuhús, sem ekki eru rekin í ágóðaskyni“, séu mjög víðtæk og sé óheimilt að takmarka þau frekar en lögum gera sjálf. Þau taki til hvers konar húsa, þar sem fólk komi saman, enda séu þau ekki rekin í ágóðaskyni, en það þýði nánast það, að þau séu ekki rekin í gróðaskyni. Ekki skipti máli, þótt aðgangur sé seldur og slíkar stofnanir hafi tekjur, en hins vegar skipti tilgangurinn með starfrækslu þeirra meginmáli. Ljóst er, að Þjóðleikhúsið sé menningarstofnun og skóli og sé rekið án tillits til ágóðasjónarmiða. Þjóðleikhúsið sé samkomuhús, þar sem öll þjóðin komi saman, enda hafi fjöldi samkomugesta sum árin numið helmingi þjóðarinnar. Þá er og á það bent, að Þjóðleikhúsið sé opið öllum almenningi til að njóta lista, fræðslu og skemmtunar og það sé ekki rekið til að afla einhverjum fjárhagslegs ávinnings. Hagnaður sem slíkur í einhverju tilviki skeri hér ekki úr, heldur hitt, hvort stofnað sér til rekstrarins í ágóðaskyni. Þá er bent á, að rekstrarhalli hússins flest árin sýni, að það sé ekki rekið í ágóðaskyni, enda tapið svo mikið á rekstrinum, að engum skattborgara sé fært að standa undir slíkum rekstri. Er því haldið fram samkvæmt þessu, að með rekstri Þjóðleikhússins sé verið að efla menningarlíf í landinu, en ekki afla fjárhagslegs ávinnings, og því sé augljóst, að Þjóðleikhúsið falli undir undanþáguákvæði 5. gr. laga nr. 8/1972. Af hálfu stefnda hefur því verið lýst yfir, að hann sé reiðubúinn til að greiða fasteignaskatt fyrir árin 1972 og 1973 á grundvelli úrskurðar yfirfasteignamatshéttu ríkisins og mati fasteignamatshéttu Reykjavíkur, en hins vegar hafi hann ekki verið krafinn um slíka greiðslu og enginn úrskurður hafi verið kveðinn upp um hana.

Þegar virt er hlutverk það, sem Þjóðleikhúsinu er ætlað í íslensku menningarlífi, sbr. lög nr. 86/1947, þá verður að líta svo á, að sú starfsemi sé ekki rekin í ágóðaskyni og því sé sá hluti Þjóðleikhúsbyggingarinnar, sem beint er nýttur til hennar, undan-

beginn fasteignaskatti skv. 5. gr. laga nr. 8/1972. Hins vegar er hluti byggingarinnar nýttur sem veitinga- og skemmtistaður, og hefur sá hluti af heildarstærð byggingarinnar verið metinn af fasteignamatnefnd Reykjavíkur og það mat ekki sætt andmælum af hálfu aðilja. Verður því að telja, að þessi hluti byggingarinnar sé ekki undanþeginn fasteignaskatti þeim, sem krafist er um í máli þessu. Er og komið fram af hálfu stefnda, að hann hafi verið reiðubúinn til að greiða þennan skatt og hafi fullnaðargreiðsla verið innt af hendi 3. maí 1974. Þótt stefndi hafi greitt fullan fasteignaskatt af fasteignamatsfjárhæð allrar byggingarinnar, áður en umræddur ágreiningur reis, þá þykir það ekki standa í vegi fyrir því, að skattskylda stefnda verði nú byggð á framangreindum sjónarmiðum. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður skylda stefnda til greiðslu fasteignaskatts ekki eingöngu byggð á ákvæðum 3. og 4. gr. laga nr. 8/1972 og auglýsingu nr. 89/1972, svo sem krafa er gerð um, og þykir því rétt að sýkna stefnda af fyrsta þætti kröfugerðar stefnanda. Þá verður stefndi og sýknaður af kröfu stefnanda um greiðslu frekari fasteignaskatts fyrir árin 1972 og 1973. Hins vegar þykir bera að dæma stefnda til að greiða dráttarvexti með vísan til 3., 4. og 43. gr. laga nr. 8/1972, sem ákveðast þannig: 1½% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 68.929.50 frá 15. janúar 1973 til 15. maí s. á og af kr. 165.492 frá þeim degi til 3. maí 1974. Rétt þykir, að málskostnaður í máli þessu falli niður.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, þjóðleikhússtjóri f. h. Þjóðleikhússins, greiði stefnanda, Gjaldheimtunni í Reykjavík f. h. borgarsjóðs Reykjavíkur, 1½% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 68.929.50 frá 15. janúar 1973 til 15. maí s. á. og af kr. 165.492 frá þeim degi til 3. maí 1974.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.